



STARFSENDURHÆFING
NORÐURLANDS

Ársskýrsla

2019

Við náum árangri með því að stefna öll að sama marki



Efnisyfirlit

FORMÁLI	1
INNGANGUR	2
FJÁRMÖGNUN	2
STARFSMANNAHALD	2
SAMSTARFSADILAR	3
STARFSEMIN	4
STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI	4
ÞJÓNUSTULEIÐIR	5
<i>Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing:</i>	6
<i>Gæfusporið:</i>	7
<i>Brúin:</i>	7
<i>Ráðgjöf og eftirfylgd:</i>	7
<i>Önnur tilboð:</i>	7
TILVÍSANIR ÁRIÐ 2019	8
SAMANTEKT	11

Formáli

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) varpar ljósi á það starf sem fram hefur farið síðastliðið starfsár.

Starfsemin hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Heildarfjöldi tilvísana á árinu 2019 var 200 (var 215 árið 2018). Á bak við heildarfjöldann voru 105 einstaklingar og flestir þeirra nýttu sér fleiri en eitt úrræði. Flestar tilvísanirnar komu frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði og nokkrar frá Vinnumálastofnun.

Afgangur af rekstri félagsins á árinu 2019 nam 3,7 milljónum og er það jákvæð þróun miðað við árið áður, en þá var halli á rekstrinum. Þessum viðsnúningi má m.a. þakka opinberum styrk sem SN fékk að upphæð kr. 5.000.000.-

Á árinu fengu 105 einstaklingar þjónustu eins og áður sagði, 38 karlar (36%) og 67 konur (64%). Meðalaldur þátttakenda lækkaði á milli ára, var 33 ár árið 2018 en 31 ár árið 2019.

Hátt hlutfall þeirra sem vísað var í þjónustu til SN voru með geðrænan vanda eða 77% (var 73% 2018). 18% þátttakenda var vísað vegna stoðkerfisvanda og 5% vegna annarra ástæðna. Við komu í starfsendurhæfingu höfðu flestir verið frá vinnu í 6-12 mánuði eða 43%, 28% höfðu verið frá vinnu í 12-24 mánuði. 7% notenda höfðu verið frá vinnu í 24-36 mánuði og 19% var vísað í starfsendurhæfingu innan sex mánaða.

Mannabreytingar urðu á árinu eins og verða vill og er þeim starfsmönnum sem létu af störfum færðar þakkir fyrir gott samstarf og þeim óskað velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Í ljósi þess að notendum fækkar á milli ára hefur rekstrargrundvöllur SN verið erfiður og ef ekki hefði komið til góður styrkur frá hinu opinbera hefði halli verið á rekstrinum. Því þarf að gæta áframhaldandi aðhalds, m.a. í mannaráðningum og ekki hefur verið ráðið í öll stöðugildi SN sem samþykkt voru á árinu 2017. Hins vegar hefur þjónustuþyngd notenda SN aukist og verkefni eru krefjandi. Starfsmenn SN hafa lagt á sig ómælda vinnu til að mæta þörfum notenda og þeim áskorunum sem upp koma í endurhæfingarferlinu. Þeim ber að þakka!

Þegar árangur af starfinu er skoðaður, þá er hann góður. 35% hafa ekki lokið endurhæfingu hjá SN, 34% þátttakenda eru komnir í vinnu, ýmist í fullt starf á almennum vinnumarkaði eða í hlutastarf og 11% fóru í nám. Ekki geta allir nýtt sér starfsendurhæfingu hjá SN vegna mikils vanda og sl. ár voru það 15% þátttakenda, (9% 2018) var þeim vísað aftur til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. 5% fóru á örorku. Spyrja má hvar skórinn krepur að. Hefur vandinn fengið að vaxa eða hefur skyndilausnum verið beitt sem hafa ekki gagnast einstaklingum? Hefur þjónusta í heilbrigðiskerfinu brugðist eða jafnvel menntakerfinu? Þegar horft er á notendahóp SN og hve meðalaldurinn hefur lækkað, verður að bregðast við sem fyrst. Þjónustuaðilar velferðarmála verða að stilla saman strengi og spyrja spurninga: Hvar höfum við sofnað á verðinum? Hvernig getum við þjónustað notendur betur og gripið fyrir inni óæskilega þróun? Það þarf að veita heildræna þjónustu, mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur og auka samvinnu kerfa svo allir fái þjónustu við hæfi. Með því að taka höndum saman náum við árangri!

Akureyri 13.5 2020

Soffía Gísladóttir, formaður

Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) varpar ljósi á það starf sem fram hefur farið árið 2019.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN:

- Soffía Gísladóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar Norðurlandi eystra, formaður
- Bernard H. Gerritsma, fulltrúi SAK,
- Valgeir Magnússon, fulltrúi SÍMEY
- Guðrún Sigurðardóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar, varaformaður og ritari
- Guðný Friðriksdóttir, fulltrúi HSN

Röð varamanna er eftirfarandi:

- Ásta Guðný Kristjánsdóttir, fulltrúi KEA
- Valgerður Gunnarsdóttir, fulltrúi FSH
- Signý Valdimarsdóttir, fulltrúi Norðurbings
- Jóna Finndís Jónsdóttir, fulltrúi Stapa
- Anna Marit Níelsdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar
- Þórarinn Sverrisson, fulltrúi Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra, áheyrnarfulltrúi

Jón Hrói Finnsson fulltrúi Akureyrarbæjar hætti í stjórn sem varamaður og tók Anna Marit Níelsdóttir hans sæti.

Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir. Ársfundur verður haldinn 20. maí 2020.

Fjármögnun

Fjármögnun starfsársins var að mestu í gegnum samning SN við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Samningur við VIRK var framlengdur til 31. desember 2020. VMST keypti einnig þjónustu af SN-námskeið fyrir atvinnuleitendur

Heildartekjur 2019 jukust um um 4%. Kaup á sérfræðiþjónustu s.s. sjúkraþjálfun og sálfræðiviðtölum dróst saman á árinu 2019 miðað við árið 2018. Samdráttur var á seldri þjónustu miðað við árið áður en á móti komu opinber framlög að upphæð kr. 5 milljónum sem rétti af halla SN.

Starfsmannahald

Um áramótin voru 6 fastráðnir starfsmenn hjá SN í 4,4% stöðugildum. Auk þess var einn starfsmaður í 25% tímabundinni stöðu sem ráðinn var inn á Vinnusamningi.

Hrafnhildur Reykjalín Vigfúsdóttir, Hulda Sædís Bryngeirsdóttir og Gunnar Árnason létu af störfum á árinu. Hrafnhildur í júlí, Hulda í ágúst og Gunnar í september. Katla Hildardóttir hjúkrunarfræðingur var ráðin til SN frá 1. janúar 2020 í 100% stöðu.

Starfsmenn SN á árinu 2019:

- Elín Hrönn Einarsdóttir, iðjuþjálfari og jógakennari í 80% stöðu.
- Gunnar Árnason, framhaldsskólakennari, BA í sálfræði, MEd í menntunarfræðum, MSc í heilbrigðisvísindum og diplóma á meistarastigi í starfsendurhæfingu í 100% stöðu. (Hætti í september).
- Hrafnhildur Reykjálín Vigfúsdóttir, BA í fjölmiðlafræði, Diplóma á meistarastigi í heilsuráðgjöf, Diplóma í markþjálfun og Diplóma á meistarastigi í jákvæðri sálfræði í 60% stöðu. (Hætti í júlí).
- Hulda Sædís Bryngeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og MSc í heilbrigðisvísindum í 80% stöðu. (Hætti í ágúst).
- Jakobína Elva Káradóttir, félagsráðgjafi og BA í lögfræði í 100% stöðu, framkvæmdastjóri.
- Júlía Mist Almarsdóttir, iðjuþjálfari í 80% stöðu. Var í fæðingarorlofi til 1. apríl 2019
- Kristján Jósteynsson, félagsráðgjafi og MSc í endurhæfingarráðgjöf í 100% stöðu til loka mars. Fór í 50% stöðu 1. apríl.
- Ragnheiður Sveinsdóttir, sjúkrapjálfari í 25% stöðu. Tímabundin ráðning frá 1. september til 31. desember.
- Ranveig Susan Tausen, sálfræðingur Cand Psych og BA í þjóðfélagsfræðum í 50% stöðu til ágúst. Fór í 80% stöðu 1. september.
- Sæunn Sigríður Jóhannsdóttir, ritari í 50% stöðu.



Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar SN eru stofnaðilar og starfsmenn þeirra s.s. lækna Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) og SAK, ráðgjafar frá félagsþjónustu Fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar, ásamt starfsmönnum VMST og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Gott samstarf hefur verið við

Tryggingastofnun ríkisins eins og undanfarin ár. Einnig er samstarf við ýmsa verktaka og sérfræðinga sem að endurhæfingunni koma. Um er að ræða þjónustu sjúkráþjálfara, sálfræðinga, kennara, heilsuráðgjafa, bókara og endurskoðenda og ýmissa fyrirlesara. Einnig var keypt þjónusta af Akureyrarbæ, Punktinum og SÍMEY. SN hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki og stofnanir á Akureyri og víðar sem tekið hafa á móti notendum í starfsprófanir og kynningar. Það er ómetanlegt að atvinnulífið hafi skilning á starfsemi SN og komi til móts við þarfir notenda SN. Nýverið tók SN upp samstarf við sérfræðing í geðlækningum hjá Læknastofum Akureyrar. Slíkt samstarf er mikilvægt m.t.t. að 77% af notendum SN eru með geðröskun sem grunnvanda.

Starfsemin

Síðustu ár hefur verið boðið upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir þ.e. „*Mat á stöðu, Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing og Ráðgjöf og eftirfylgd*“. Samhliða þessum leiðum var **boðið** upp á Gæfusporin og HAM námskeið og námskeið í Núvitund. Þá var einnig boðið uppá *Starfsendurhæfingu í dreifbýli* sem fram fór í Fjallabyggð og námskeiðið *Hæfni á vinnumarkaði* fyrir fólk í atvinnuleit.

Hér má sjá mynd af starfsemi SN eins og hún var á árinu 2019.



Mynd 1. Hér sést hvernig starfsemi SN var 2019

Frekari umfjöllun um útfærslu hvernar leiðar fer hér á eftir í kaflanum „Þjónustuleiðir“.

Starfið á síðasta ári

Flestir notendur SN koma frá Akureyri og nágrennabyggðum Akureyrar. Einnig veitti SN 6 einstaklingum þjónustu í Fjallabyggð tímabilið maí til september. Mikilvægt var fyrir þessa einstaklinga að fá þjónustu í heimabyggð og fór fræðslan fram á Siglufirði tvo daga í viku í húsnæði Einingar-Iðju.

Tilvísanir voru alls 200 (voru 215 árið 2018). Auk þess nýttu 10 einstaklingar frá VMST sér styttri námskeið.

Líkt og undanfarin ár glíma flestir í notendahópi SN við fjölþættan vanda og þurfa þ.a.l. oftast á langtíma endurhæfingu að halda. Reynt er að mæta þörfum hvers þátttakanda og finna þá leið sem hentar hverjum og einum best. Endurhæfingin er heildræn, þ.e. horft er á manneskjuna í heild út frá líkamlegri- og andlegri líðan og félagslegri stöðu. Allt verkar þetta hvert á annað og á líðan fólks.

Notendur þjónustu SN hafa stundað hópefli og sjálfsstyrkingu, líkamsþjálfun og heilsueflingu. Einnig nýttu þeir sér sálfræðiviðtöl, félagsráðgjöf, heilsuráðgjöf, iðjuþjálfun, fjármálaráðgjöf, markþjálfun, sjúkráþjálfun og fjölskyldumeðferð hjá sérfræðingum SN og annarri aðkeyptri sérfræðiþjónustu. Þátttakendur nýttu sér reglulega stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum SN en þeir fylgjast með framvindu endurhæfingarinnar.

Allir notendur fylla út ASEBA (Achenbach) matslista við upphaf starfsendurhæfingar. Listinn hjálpar ráðgjafa að meta stöðuna og auðveldar vinnu með notendum við markmiðssetningu og endurmat á endurhæfingaráætlun viðkomandi. Þessi listi er einnig lagður fyrir á miðju tímabili endurhæfingar sem stöðumæling og í lok endurhæfingar til að meta árangur endurhæfingarinnar. Einnig fylla notendur út listana; Heilsutengd lífsgæði og DASS (Depression Anxiety Stress Scales) við upphaf og í lok endurhæfingar.

Á árinu var boðið upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir eins og fyrr segir: Mat á stöðu, Einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu og Ráðgjöf og eftirfylgd.

Þó eru alltaf einhverjir sem ekki geta nýtt sér þær leiðir sem í boði eru og hefur verið brugðist við þeirri þörf með því að gera einstaklingsmiðaða samninga við þá aðila.

Á árinu 2019 þáðu 105 einstaklingar þjónustu en árið 2018 voru 117 einstaklingar í þjónustu.

Hér á eftir verður fjallað um hverja þjónustuleið og útskýrt hvað er boðið upp á í hverri leið.

Þjónustuleiðir

Mat á stöðu:

Endurhæfingartími er 1-2 mánuðir.

Markmiðið er að leggja mat á það hvort að notandi geti nýtt sér starfsendurhæfingu. Einnig er staða einstaklingsins og sú þjónusta sem hann þarf á að halda til að komast í virkni á ný, metin heildrænt. Meginmarkmiðið er því; sjálfstyrking í gegnum allt ferlið, virkni og mat á stöðu einstaklingsins.

Innihald þjónustunnar er einstaklingsmiðað og fer eftir því sem um er beðið af ráðgjafa viðkomandi hjá VIRK starfsendurhæfingasjóði. Má þar nefna; ráðgjafaviðtöl, sálfræðiviðtöl, heilsueflingu, sjúkráþjálfun, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, fjölskyldumeðferð, fræðslu, sjálfstyrkingu, hópefli og handverk sem fram fer á Punktinum. Oftar en ekki er einstaklingi vísað í einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu í framhaldinu og fer það meðal annars eftir því hvernig ástundun og virkni þátttakandans er á tímabilinu. Ástundun þarf að vera a.m.k. 80%.

Viðvera þátttakanda er 15-20 tímar á viku.

Markhópurinn er einstaklingar sem eru að hefja starfsendurhæfingu eftir fjarveru frá vinnumarkaði eða brottfall úr námi. Ástæður geta verið margvíslegar og ekki er vitað um getu einstaklingsins til að nýta sér starfsendurhæfingu.

Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing:

Endurhæfingartími er 3- 6 mánuðir.

Markmiðið er að veita einstaklingsmiðaða heildræna starfsendurhæfingu til þeirra sem þurfa á langtíma starfsendurhæfingu að halda.

Innihald þjónustunnar er einstaklingsmiðað og fer áherslan eftir því sem um er beðið af ráðgjafa viðkomandi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Innihald þjónustunnar er svipað og í Mat á stöðu þ.e; ráðgjafaviðtöl, sálfræðiviðtöl, heilsuefling, sjúkraþjálfun, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, markþjálfun, fjölskyldumeðferð, fræðsla, sjálfstyrking og hópefli. Krafa er gerð um góða ástundun að lágmarki 15 – 20 stunda viðveru á viku og er 80% mætingarskylda. Einnig kemur til viðbótar atvinnutenging og starfskynningar á seinni stigum endurhæfingarinnar þar sem einstaklingarnir fá tækifæri til að reyna sig á vinnumarkaði og finna út hvar áhugasviðið liggur.

Viðvera þátttakenda er 15-20 stundir á viku.

Markhópurinn eru þeir sem eru að takast á við fjölþættan vanda: Langvarandi fjarveru frá vinnumarkaði vegna langtíma atvinnuleysis, brottfalls úr skóla og langvarandi óvinnufærni sökum veikinda. Boðið er upp á fjórar mismunandi leiðir/áherslur þ.e. Heilsuhóp, Atvinnuhóp, Gæfusporið og Brúna.

Hér er nánari lýsing á leiðum „einstaklingsmiðaðrar starfsendurhæfingar“:

Heilsuhópur:

Heilsuhópur er 12 vikna heilðrænt endurhæfingarúrræði. Aðaláhersla er á að vinna með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku og undirbúning undir næstu skref í endurhæfingunni. Rauði þráðurinn í heilsuhópi er að vinna með sjálfstyrkingu og sjálfsmynd, hreyfingu, heilsueflingu, næringu, markmiðssetningu, samskipti og vinnufærni. Í boði er ýmis fræðsla, hóp- og einstaklingssamtöl, náms- og starfsráðgjöf og áhugasviðskannanir sem styrkir þátttakendur á leið þeirra út á vinnumarkaðinn.

Markhópurinn eru þeir sem vilja styrkja sig andlega og líkamlega, auka sjálfstraust og bæta félagsleg samskipti til að verða hæfari á vinnumarkaði.

Atvinnulína:

Atvinnulína er 12 vikna heilðrænt endurhæfingarúrræði þar sem unnið er með bæði líkamlega- og andlega heilsu og þátttakendum veittur stuðningur og fjölþætt ráðgjöf. Á endurhæfingartímabilinu er boðið upp á hreyfingu í formi líkamsræktar, göngu og annarrar útiveru auk þess sem þátttakendur fá leiðsögn og ráðgjöf frá sjúkraþjálfara sé þess þörf. Á atvinnulínu er aðaláherslan lögð á undirbúning fyrir atvinnulífið í formi markvissrar fræðslu, verkefnavinnu og umræðna.

Á síðari hluta tímabilsins fara þátttakendur í reglubundnar heimsóknir á vinnustaði þar sem þeir fá kynningar á þeim störfum sem þar eru unnin auk þess sem þeir fá kynningu á starfsemi og hlutverki ýmissa stofnana sem tengjast vinnumarkaði. Þátttakendur fara einnig í þriggja vikna starfskynningar á vinnustaði að eigin vali og fá með því tækifæri til að reyna sig við raunveruleg verkefni og til að stuðla að farsælum tengslum og endurkomu á vinnumarkað. Þeir sem þurfa á lengri starfsþjálfun að halda fá aðstoð við að komast í slíka þjálfun. Samhliða þessu eru þátttakendur í virkri atvinnuleit.

Markhópur atvinnuhóps eru einstaklingar sem eru komnir á þann stað í endurhæfingu að þeir stefna á vinnumarkaðinn á næstu 3-4 mánuðum.

Gæfusporið:

Gæfusporið er endurhæfingarleið sem SN hefur boðið upp á undanfarin sjö ár. Þessi endurhæfingarleið, sem er ætluð konum, hóf göngu sína sem þróunarverkefni sem þróað hefur verið undir hatti SN og í samvinnu við fagfólk SN, af Sigrúnu Sigurðardóttur doktor í lýðheilsufræðum við Háskólann á Akureyri.

Gæfusporið er 12-14 vikna endurhæfing þar sem unnið er markvisst með áföll vegna kynbundins ofbeldis. Í Gæfusporinu er veitt fjölpætt ráðgjöf, stuðningur, aðhald og hvatning alla virka daga vikunnar og er tímasókn 4-6 tímar á dag. Konurnar vinna bæði á einstaklingsgrunni og í hóp. Einstaklingsvinnan er í formi ráðgjafaviðtala, svæðanudds, höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferðar, sálfræðiviðtala, fjármálaráðgjafar, djúpslökunar og fjölskyldumeðferðar. Hópaþinginn samanstendur af fræðslu, sjálfsstyrkingu, líkamsvitund, hreyfingu og sálfræðihópvinnu einu sinni í viku. Einnig er boðið upp á 30 tíma listasmiðju sem fram fer í SÍMEY.

Brúin:

Í Brúnni eru flestir þátttakendur í námi á eigin vegum, ýmist í framhaldsskóla eða í háskóla, en nokkrir hafa einnig stundað vinnu. Markmiðið er að styðja þátttakandann á þeirri námsleið eða í því starfi sem hann hefur valið sér. Stuðningurinn er einstaklingsmiðaður. Hóparnir hittast vikulega með ráðgjafa og er þá boðið upp á fræðslu eða að þátttakendur miðla af reynslu sinni og styðja og leiðbeina hvor öðrum. Einnig standa þeim til boða viðtöl hjá viðeigandi fagaðilum eftir þörfum s.s. sálfræðiviðtöl, fjármálaráðgjöf, félagsráðgjöf, heilsuráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf og fjölskyldumeðferð. Markhópur Brúarinnar er sérstaklega einstaklingar sem hafa ekki getað fóttað sig í námi eða vinnu og þurfa á stuðningi og hvatningu að halda. Ekki er þörf á því að þátttakandi í þessu úrræði sé búinn að fara í undirbúningshópinn heldur getur hann komið beint inn í þetta úrræði, enda ekki endilega um langtíma stuðning að ræða.

Ráðgjöf og eftirfylgd:

Endurhæfingartími er 3 - 6 mánuðir.

Markmiðið er að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við að takast á við næstu skref í endurhæfingunni. Á þessum tímapunkti er oft verið að vinna markvisst með atvinnutenginu. Einnig getur þátttakandi verið að ljúka námi á framhalds- og/eða háskólastigi.

Innihald þjónustunnar er fyrst og fremst ráðgjafaviðtöl, en líka er boðið upp á hoptíma 1x í viku þar sem boðið er upp á ýmis konar fræðslu. Einnig eru hópfundirnir nýttir til að skiptast á skoðunum og veita stuðning við þau viðfangsefni sem brenna á þátttakendum hverju sinni.

Viðvera: Þátttakendur mæta 1x í viku á hópfunni og til ráðgjafa að lágmarki 2x í mánuði, oftast ef þarf.

Markhópurinn eru einstaklingar sem eru að ljúka endurhæfingu og hefja atvinnuleit eða atvinnuþátttöku og þurfa á stuðningi að halda.

Önnur tilboð:

Á árinu bauð SN upp á tvö námskeið í Hugrænni atferlismeðferð (HAM-námskeið). Tilgangur námskeiðanna er að auka innsýn þátttakenda í samhengi hugsana, tilfinninga og hegðunar og hvernig hægt er að grípa inn í vítahringi sem viðhalda vanlíðan. Námskeiðin voru haldin einu sinni í viku, tvo tíma í senn í átta vikur. Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið, töldu það bæta líðan og veita þeim verkfæri til takast betur á við tilfinningar sínar.

Námskeið í núvitund: Mindfulness based cognitive therapy (MBCT), sem er viðurkennd meðferð við þunglyndi. Námskeiðið stóð í átta vikur tvo tíma í senn, ásamt hálfum þöglum degi (silent retreat) og heimaverkefnum. Það var töluverð áskorun fyrir þátttakendur að taka þátt í námskeiðinu og jákvæð og lærdómsrík reynsla.

Karla- og kvennahópar fóru af stað einu sinni í viku. Markmiðið með hópunum er að skapa vettvang fyrir þátttakendur til að tala um karl- og kvenímyndir, vinna með sjálfsmynd, eigin takmarkanir, traust, vitund o.fl.

Hvað er framundan:

Það eru alltaf nokkrir þátttakendur sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar endurhæfingarleiðir hjá SN. Þeim er mætt með einstaklingsmiðaðri þjónustu. Gerður er samningur þar sem ráðgjafi hjá SN styður einstaklinginn og heldur utan um þá þætti endurhæfingarinnar sem þörf er á. Ráðgjafaviðtölin skipa þar stóran sess.

Starfsmönnum SN er umhugað um að þróa og veita þjónustu í takt við þarfir hvers og eins. Á árinu 2020 er fyrirhugað að bjóða á uppá fleiri styttri tilboði samhliða ofangreindum tilboðum. Í boði verða m.a. átta vikna hópnámskeið sem byggir á Hugrænni atferlismeðferð, Núvitundarnámskeið, Fjármálanámskeið þar sem notendum verður hjálpað að ná betri tókum á fjármálum, námskeið fyrir fólk í atvinnuleit „Hæfni á vinnumarkaði“ Markmiðið með námskeiðinu er að efla og styrkja einstaklinga í atvinnuleit. Þátttakendur fá samþættan stuðning til að auka áhuga, sjálfsvitund og hvatningu til að öðlast nýja færni sem krafist er á vinnumarkaði.


Tilvísanir árið 2019

Fjöldi tilvísana:


Heildarfjöldi tilvísana á árinu 2019 var 200 (var 215 árið 2018). Á bak við heildarfjöldann voru 105 einstaklingar, 67 konur og 38 karlar. Frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði komu 100 tilvísanir og frá VMST komu 5 tilvísanir.

Kynjaskipting:

Í þjónustu voru 38 karlar (36%) og 67 konur (64%).



Aldursdreifing þátttakenda




■ 18-25 ára ■ 26-35 ára ■ 36-45 ára ■ 46-67 ára

Meðalaldur þátttakenda var **31 ár**, 40% þátttakenda á aldrinum 18-35 ára.

Hve lengi frá vinnu við komu:


Við komu í starfsendurhæfingu höfðu flestir verið frá vinnu í 6-12 mánuði eða 43%, 28% höfðu verið frá vinnu í 12-24 mánuði. Í 24-36 mánuði höfðu 7% notenda verið frá vinnu. 19% var vísað í starfsendurhæfingu innan sex mánaða.



■ Minna en 3 mán. ■ 3-6 mán. ■ 6-12 mán.
■ 12 - 24 mán. ■ 24-36 mán. ■ Lengur en 36 mán.

Ástæða tilvísana:


Líkt og undanfarin ár eru flestir að kljást við geðrænan vanda eða 77% þátttakenda (81), við stoðkerfisvanda 18% (19) og 5% vegna annarra ástæðna.



■ Stoðkerfisvandi ■ Lngtíma atvinnuleysi
■ Geðrænn vandi ■ Annað

Framfærsla á endurhæfingartímanum:


Flestir þátttakendur voru á endurhæfingarlífeyri eða 86%, á örorku 3%, með greiðslur frá sjúkrasjóði stéttarfélags 5% og með bætur frá Vinnumálastofnun 5%.



- Endurhæfingarlífeyrir
- Atvinnuleysisbætur
- Framfærsla sveitarfélags
- Sjúkrasjóður stéttarfélags
- Örorka / örorkustyrkur

Staðan í lok árs:

Í árslok höfðu 35% þátttakenda ekki lokið endurhæfingu. Í atvinnu voru 34% þátttakenda, 33 þátttakendur í fullt starf og þrír í hlutastarf með endurhæfingunni. Í námi voru 11 þátttakendur, 11% og tveir þeirra voru jafnframt í endurhæfingu. Á örorku voru 5% og 15% þátttakenda var vísað til baka til Virk.



- Ekki lokið endurhæfingu hjá SN
- Atvinna
- Endurhl. / örorka / hlutastarf
- Nám
- Vísáð til baka til Virk
- Örorka/örorkustyrkur

Heildarfjöldi endurhæfingarplássa á starfsárinu voru 200 en árið 2018 voru þau 215.

Endurhæfingarleiðir:	2019	2018
Mat á stöðu	30	53
Einstaklingsmiðuð starfsendurhæfing	124	128
Ráðgjöf og eftirfylgd	38	34
Gæfusporið	8	0
Samtals	200	215

Samantekt

Það er alltaf ánægjulegt að leggja lokahönd á ársskýrslu SN. Fara yfir síðastliðið ár og sjá hvað hefur áunnist, hvernig þátttakendur hafa styrkst, starfsgeta eflst og lífsgæði þeirra aukist.

Þegar litið er yfir starfsárið 2019 má sjá að það var með svipuðu sniði og fyrri starfsár, hvað varðar þjónustu SN. Boðið var upp á þrjár megin endurhæfingarleiðir auk þess að bjóða upp á Gæfusporin og styttri námskeið.

Það sem einkennt hefur undanfarin starfsár er að þjónustuþyngd þeirra mála sem vísað er til SN hefur aukist. Talið er að geðsjúkdómar verði eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál heimsins á komandi árum og geðlægd/þunglyndi verði meginorsök þess. Um 77% notenda SN glíma við geðraskanir, 18% eru með stoðkerfisvanda og um 5% eiga við annars konar vanda að stríða.

Það er umhugsunarefni hve stór hluti þeirra notenda sem vísað er til SN er ungur. Meðalaldur þeirra sem voru í þjónustu SN árið 2019 var 31 ár, en 40% notenda voru á aldrinum 18 til 25 ára. Ungu fólkið er sá hópur sem þarf lengstan tíma í endurhæfingu og sá hópur sem þarf að hlúa sérstaklega vel að og byggja upp til framtíðar. Veita þarf heilðræna endurhæfingu (líf, -sál, og félagslega). Þjónustukerfin þurfa að sýna þessu skilning og samþætta þjónustu en það er forsenda árangurs. SN er vel í stakk búið til að sinna þessum hópi og samræma meðferð og þjónustu sem unga fólkið er að fá frá mismunandi aðilum eins og Vinnumálastofnun, Virkinu í Rósenborg-Ungmennahúsi o.fl.

Á tímum sem þessum og COVID-19 hefur ógnað allri heimsbyggðinni má leiða líkum að því að meiri þörf verði fyrir starfs- og námstengda endurhæfingu. Mikilvægt er að þjónusta/starfsemi SN aðlagi sig að nýjum aðstæðum og sé tryggður öruggur rekstrargrundvöllur svo hægt verði að bjóða upp á fjölbreytt úrræði út frá þörfum hvers og eins. Einnig er mikilvægt að hafa hæft fagfólk, en SN hefur á að skipa fjölstéttateymi sem hefur víðtæka reynslu á sviði starfsendurhæfingar og er lykilinn að góðri vinnu og árangri SN í gegnum tíðina.

Starfsfólk SN horfir björtum augum til næsta starfsárs og hlakkar til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þróa og veita metnaðarfulla þjónustu.

Akureyri, 13. maí 2020,

Jakobína Elva Káradóttir, framkvæmdastjóri

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Norðurlands er að finna á vefsíðu SN; <http://www.stn.is>